

Móttökustöð endurvinnslunnar á Tálknafirði

Nemendur 9.-10. bekkjar Tálknafjarðarskóla eru með móttökustöð Endurvinnslunnar á Tálknafirði fyrir skilagjaldskyldar einnota drykkjarumbúðir. Tekið er á móti umbúðum að Strandgötu 36 **fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl: 20-21.**

Allur ágóði af þessari umsýslu rennur óskiptur í nemendasjóð skólans.

Mælst er til þess við íbúa að umbúðum sé skilað flokkuðum í lokuðum plastpokum og að glerflöskum, plastflöskum og áldósum sé haldið aðskildum þar sem kemur fram hve margar umbúðir eru í hverjum poka. Athugað verður reglulega hvort slík talning sé rétt.

Að gefnu tilefni biðjum við fólk að vanda flokkun og skoða hvaða umbúðir eru **ekki** skilagjaldsskildar.

Viðskiptavinum er greitt andvirði skilagjaldskyldra umbúða með bankamillifærslu daginn eftir skil nema þeir kjósi að afþakka og leggja andvirði í nemendasjóð skólans. Í vetur munu nemendur bjóða íbúum þá þjónustu að ná í óflokkaðar umbúðir á heimili enda renni andvirði þeirra í nemendasjóð. Ef fólk vill gefa nemendum flöskur eða dósir utan opnunartíma er hægt að hafa samband við Láru í síma 848 6920.

Í vetur 2019-2020 verður opið þessa daga:

4.september 2.október 6.nóvember 4.desember 8.janúar 5.febrúar 4.mars 1.april 6.maí 3.júní.

Lokað verður í júlí og ágúst. Geymið auglýsinguna.

Umbúðir **án** skilagjalds



Á hverju er **ekki** skilagjald?

Ekki er skilagjald á umbúðum undir ávaxtaþykki, mjólkurdrykki, matorlíu, tómatsósu eða þvottalög. Þessum umbúðum má skila í GRENNDARGÁMA.

Almenna reglan er að drykkjarumbúðir, fyrir utan þær umbúðir sem innihalda vín, þurfa að hafa innihaldið vatn með eða án kolsýru, eða vatnsblönduð efni til drykkjar, til að vera skilagjaldsskyldar. Um er að ræða tilbúna drykkjarvöru sem hægt er að drekka beint úr viðkomandi umbúðum.



Endurvinnslan
skilum hreinu landi